

Selfossi, 7. maí 2020

Til Bæjarráðs Árborgar

Efni: Efling kvennaíþróttar

Ágæta bæjarráð.

Körfuknattleiksfélag Selfoss hefur undanfarin ár unnið markvisst að því að efla kvennastarf innan félagsins og hefur nú innan sinna raða góðan hóp afar efnilegra stúlkna á unglingsaldri og yngri. M.a. var fyrsta stúlkan frá félaginu valin í landsliðsvekefni U15 í vetur. Gott samstarf hefur verið við nágrannafélögin um sameiginlegan vettvang í keppni svo hver og ein fái verðug verkefni við hæfi í stað þess að þær þurfi að spila of mikið „upp fyrir sig“, með og gegn eldri stúlkum.

Félagið hefur ekki getað teflt fram meistaraflokki kvenna undanfarin ár, og það sama á við um nágretta okkar í Þorlákshöfn og Hrunamannahreppi. Eina kvennaliðið á svæðinu hefur verið hjá Hamri í Hveragerði, en þar er glíman erfið líka. Margar efnilegar stúlkur frá þessum félögum hafa lengi valið að fara á höfuðborgarsvæðið í framhaldsskóla til að fá verðug tækifæri að æfa og keppa í körfubolta.

Árangursríkt samstarf þessara félaga í yngri aldursflokki, þegar árgangar eru of fámennir til að halda úti sérstöku liði á hverjum stað, hefur leitt til þess að nú hefur verið ákveðið að senda til keppni sameiginlegt kvennalið í meistaraflokki. Viðræður hafa gengið vel og undirbúningur að fara af stað. Hugmyndin er að liðið keppi undir merkjum HSK og hefur verið rætt við sambandið um þann möguleika, þó niðurstaða liggja ekki fyrir.

Ákveðið hefur verið að hvert félag leggi til liðsins grunnframlag, kr. 700.000,- og sé með því fullgildur aðili með stjórnarmann. Að öðru leyti muni sameiginleg stjórn liðsins fjármagna rekstur þess með hefðbundnum hætti, leita eftir styrkjum og framlögum.

Ekki þarf að hafa mörg orð um mikilvægi þess fyrir ungar stúlkur að hafa góðar fyrirmyndir til að efla þær og hvetja. Samkeppnishæft kvennalið gegnir þar lykilhlutverki. Samstarf Selfoss, Þórs, Hamars og Umf. Hrunamanna myndi byggja traustan grunn til framtíðar svo ungar stúlkur þyrftu ekki að hleypa heimdraganum til að láta óskir sínar rætast – og myndi vinna gegn brottfalli stúlkna úr íþróttum.

Lið í meistaraflokki kvenna yrði hrein viðbót við starfsemi Selfoss-Körfu, mikilvæg útvíkkun á starfseminni en stór bita fyrir fjárhag sem þarf að sýna ítrústu varfærni til að halda úti núverandi starfi, sem að mestu er þó byggt á þróun ungra leikmanna en ekki launuðum atvinnuöðrum. Félagið hefur ekki bolmagn til að leggja fram þessa fjárhæð við núverandi aðstæður og verða þar með fullgildur aðili í samstarfinu.

Selfoss-Karfa fer þess á leit við bæjarráð Árborgar að það styðji félagið í þessari viðleitni til að efla kvennaíþróttir í sveitarfélaginu með því að leggja því til þetta grunnframlag sem sérstaka viðbót við styrktar- og samstarfssamning Sveitarfélagsins Árborgar og félagsins. Í ljósi reynslunnar yrði að ári metið hvort tilefni væri til að bæta þessum þætti með formlegum hætti við gildandi samstarfssamning.

F.h. stjórnar Selfoss-Körfu.  
Virðingarfyllst,  
Gylfi Þorkelsson, formaður.